

Framkvæmdaáætlun

Yfirlit yfir aðgerðir varðandi málaflokkinn sjálfsmat Lágafellsskóla.

Úttekt BSI á sjálfsmatsaðferðum í Lágafellsskóla var unnin haustið 2008. Meginniðurstöður úttektarinnar voru að kerfisbundið sjálfsmat í Lágafellsskóla hafði ekki farið fram og verkáætlun lá ekki fyrir. Haustið 2008 var hafist handa við vinnu á úrbótum og gerð verkáætlunar fyrir komandi ár. Þessi viðmið voru höfð að leiðarljósi:

- Stefnt að því að gera skriflega og opinbera verkáætlun um sjálfsmat.
- Stefnt að því að gera verkáætlun sem verði tekin í notkun skólaárið 2009 – 2010 og unnið eftir henni næstu 6 árin.
- Stefnt að því að sjálfsmatskýrslur verði birtar á heimasíðu skólans.

Vinnuferli veturinn 2008 - 2009

1. Að hausti 2008 var unnið með ráðgjöfum fyrirtækisins Ísmats sem komu á starfsmannafund og kynntu fyrir starfsfólki mat á skólastarfi. Í kjölfarið fór starfsfólk í hópa og kom með hugmyndir um matsþætti í tengslum við sýn skólans.
2. Skólinn gerðist áskrifandi af Skólapúlsinum haustið 2008 en Skólapúlsinn er matstæki á viðhorf nemenda. Könnun er gerð 8 sinnum á ári og svarar ca. 40 nemenda úrtak úr 6. – 10. bekk spurningarlistum hverju sinni.
3. Myndað var matsteymi í nóvember 2008. Í því sitja bæði kennarar og stjórnendur. Hugmyndin var sú að fá sýn þvert á starf skólans.
4. Matsteymi skipuleggur hvað er metið, hvenær og hverjir taka þátt.

Sett upp sjálfsmatsáætlun í mars fyrir næstu sex árin.

Sett upp sjálfsmatsáætlun í apríl fyrir árið 2009 – 2010 sem verður notuð næstu árin sem vinnuplagg.

5. Í maí var farið yfir þá matsþætti sem komu fram í hópavinnu starfsfólks skólans að hausti í tengslum við sýn skólans og þá matsþætti sem koma fram í starfsáætlun skólans 2009. Samræmt og ákveðið hvað af þeim verður notað í kannanir.

- Þessum þáttum er lokið –

6. Búnir til spurningarlistar fyrir starfsmenn, foreldra og nemendur. Þessir listar innihalda þá matsþætti sem teymið hafði ákveðið að nota í vinnu sinni í maí (verður unnið í júní).

Haustið 2010 var matsáætlunin endurskoðuð og aðlöguð. Helstu breytingar urðu þær að ákveðið var að foreldrakannanir skyldu lagðar fyrir foreldra barna í 2., 4., 7., og 10. bekk árlega. Nemendakönnun verður lögð fyrir árlega og eru það nemendur 4., 7., og 10. bekkja sem svara þeirri könnun.

Þá var einnig ákveðið að innleiða vinnu með Gæðagreina „How good is our school?“ (skoskt matskerfi) og verður farið af stað í þá vinnu í nóvember 2010. Grunnþættir eru í fimm megináherslum: Nám og kennsla, sýn og forysta, samstarf, fólk, menning og siðvenja. Áætlaður tími til að fara yfir alla níu matsþættina eru 3 ár og eru umbótaáætlanir unnar jafnóðum.

Starfsárið 2010-2011

Í októberlok verður lögð fram símenntunaráætlun og kynnt starfsmönnum.

Fjárhagsáætlun verður unnin í september – nóvember. Viðmið er að ná rekstri innan þeirra marka sem sett eru.

Í nóvember verður haldin kynning á Gæðagreinum fyrir allt starfsfólk þar sem hugmyndafræði og vinnubrögð verða kynnt. Í janúar vinna allir starfsmenn með Gæðagreini 3 sem ber heitið Áhrif starfsfólks. Gæðagreinirinn varðar faglega þátttöku og skuldbindingu starfsfólks og beinir sjónum starfsfólks að hlutverki sínu við að tryggja gæði námsreynslu nemenda. Eftir að hafa metið Gæðagreininn á skalanum 1-6 þá lýkur vinnunni með umbótaáætlun.

Í janúar verður lögð eineltiskönnun fyrir nemendur í 4. – 10. bekk á rafrænu formi. Spurt verður m.a. um líðan nemenda, vini, hvort nemandi viti um einhvern sem lagður er í einelti, hvort nemandi sé lagður í einelti, hvar algengast sé að einelti eigi sér stað. Viðmið við svörum, þar sem nemendur svari því játandi að þeir verði fyrir einelti í skólanum, sé undir 5%.

Foreldrakönnunin sem lögð var fyrir vorið 2010 var lögð fyrir alla foreldra. Ákveðið hefur verið að endurskoða þá könnun og leggja fyrir í febrúar 2011 og þá fyrir foreldra nemenda í 2., 4., 7., og 10. bekk. Við gerð spurninga verður unnið eftir starfsáætlun skólans 2011 sem unnið er að þessa dagana. Spurt verður m.a. út í samstarf skóla og foreldra, hvort foreldrar séu ánægðir með skólann, hvort

uppbyggingarstefnan sé foreldrum sýnileg og samfelldan skóladað. Viðmið við svörun á þessum spurningum eru að 80% foreldra svari þessum spurningum jákvætt.

Nemendakönnun verður lögð fyrir í mars og hefur hún ekki verið unnin áður. Könnunin mun einnig taka mið að starfsáætlun skólans fyrir 2011. Spurningalisti er ekki tilbúinn og því ekki hægt að setja viðmið. Spurningarnar verða unnar út frá starfsáætlun 2011.

Í mars verður unnið með Gæðagreini 9.1. sem heitir sýn, gildi og markmið. Greinirinn beinir sjónum að því hvernig skólinn vinnur með öðrum að því að skapa sameiginlega sýn um tilgang og stefnu sem er metnaðarfull og ögrandi. Eftir að hafa metið Gæðagreinin á skalanum 1 – 6 þá lýkur vinnunni með umbótaáætlun.

Í byrjun apríl verður viðhorfskönnun lögð fyrir alla starfsmenn skólans og mun hún byggja á könnun sem lögð var fyrir í maí 2010. Könnunin mun verða endurgerð að hluta með tilliti til starfsáætlunar skólans 2010.

Sjálfsmat Lágafellsskóla - sex ára ferli



Myndin sýnir hvernig einstakir þættir skólastarfs eru metnir yfir 6 ára tímabil. Sjálfmatsferli þetta er tengt sýn skólans eins og hún er fram sett í starfsáætlun skólans sem unnin er í apríl á hverju ári. Mat á skólastarfi í Lágafellsskóla er hringferli þar sem ákveðnir flokkar eru til mats á hverju skólaári. Þegar úttekt á öllum flokkum er lokið hefst nýr hringur. Í lok úttektar á hverjum matsþætti verða kynntar niðurstöður og umbótaferli hefst.

Foreldrakönnun lögð fyrir alla foreldra
 Starfsmannasamtöl undir stjórn skólustjóra og deildarstjóra

Viðhorfskönnun lögð fyrir alla starfsmenn skólans - forysta

Umbótaáætlun skólans endurskoðuð. Stefnumótun staðfest í starfsáætlun.

Umbótaáætlun byggð á niðurstöðum sjálfsmats.

Símenntunaráætlun unnin

Fjárhagsáætlun unnin sept.-nóv.


Innleiðing HGIOS -Gæðagreinar

Skólapúlsinn


NÁM ER LEIKUR – LEIKUR ER NÁM - UPPBYGGINGARSTEFNAN – SKÓLAPÚLSINN - GÆÐAGREINAR




Áætlun um sjálfsmat 2010




Áætlun um sjálfsmat 2011




Áætlun um sjálfsmat 2012



Áætlun um sjálfsmat 2013



Áætlun um sjálfsmat 2014



Áætlun um sjálfsmat 2015